

1. fundur skólaráðs veturinn 2021- 2022

Haldinn á kaffistofu kennara í Gamla skóla, mánudaginn 4. okt. kl. 16.15.

Mættir: Guðrún Vilborg fulltrúi starfsmanna grunnskóladeildar, Guðrún Ásta fulltrúi kennara grunnskóladeildar, Urður Arna Ómarsdóttir fulltrúi starfsmanna leikskóladeildar, Hanna Christel fulltrúi foreldra, Heimir Loftur og Jóhann Elí fulltrúar nemenda, Þórunn Hrund Óladóttir skólastjóri.

1. Farið yfir starfsemi skólaráðs, hlutverk og helstu verkefni. Fundartímar vetrarins ákveðnir; 8. nóv., 13. des., 3. feb., 8. mars og 25. apríl.
2. Framkvæmdir. Verið er að vinna í tröppunum við aðalinngang Gamla skóla. Búið er að steypa nýjar tröppur en eftir er að klára frágang við tröppurnar þannig að enn er ekki hægt að nota innganginn. Það er mjög slæmt að þessar framkvæmdir séu enn í gangi nú þegar skólastarfið er í fullum gangi auk þess sem þetta teppir flóttaleið úr skólanum. Skólastjóri er í stöðugum samskiptum við verkefnisstjóra framkvæmdamála að ýta á eftir framkvæmdunum.

Verið er að vinna í nýju skólastofunni og eiga þær framkvæmdir að klárast í október. Einnig á að skipta um glugga í smíðastofunni og eru gluggarnir væntanlegir innan skamms.

3. Skólalöng. Skólalöngið verður haldið 13. október næstkomandi í Herðubreið með hefðbundnu sniði. Umræðuefnið þetta árið verður skólabragur.
4. Skólastarfið. Hvað er framundan?
 - Haldið verður upp á bleika daginn 15. okt.
 - Haustfrí er á öllum deildum 25. og 26. okt.
 - Síðustu vikuna í okt. eru dagar myrkurs. Skólinn mun taka þátt í þeim á einhvern hátt.
5. Mál frá foreldrafélaginu.
 - a). Mikilvægt að skilgreina skólalóðina nákvæmlega þar sem hún er mjög víðfeðm og einnig að reglur séu skýrar um að á skólatíma er svæðið eingöngu fyrir nemendur og enga aðra.

- b). Lýst yfir áhyggjum af því hversu langan tíma framkvæmdir við skólatröppurnar hafa tekið. Formaður mun hafa samband við verkefnisstjóra framkvæmdamála vegna málsins.
- c). Hugmynd um að hvers kyns forvarnir byrji á leikskólastigi. Eftir er að forma hugmyndina betur og ætlar stjórn foreldrafélagsins að fara betur yfir þetta mál á næsta stjórnarfundum og koma með mögulegar hugmyndir inn á næsta skólaráðsfund.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 17. 20

Fundarritari: Þórunn Hrund Óladóttir